



Ávarp forseta Íslands Guðna Th. Jóhannessonar á sjálfstæðisfagnaði Eista í Tartu

23. júní 2018

Ágætu Eistar!

Ég færi ykkur heillaóskir Íslendinga, vinabjóðar í norðri. Höf skilja okkur að en samt eigum við svo margt sameiginlegt. Lengi vorum við undir annarra stjórn en fyrir hundrað árum urðu þáttaskil. Ísland varð frjálst og fullvalda ríki, Eistland lýsti yfir sjálfstæði. Vonir um bjarta framtíð vöknudu við Eystrasalt og úti í Atlantshafi en svo fór að leiðir skildu. Við Íslendingar nutum frelsis og velmegunar þegar þið þurftuð að þola erlenda kúgun. Heima komu út þýðingar á bókum um smáþjóð undir oki erlends valds; sjálfur man ég eftir að hafa skoðað, ungur og forvitinn strákur, gamlar landakortabækur með ríki sem virtust ekki lengur til, séð fyrir mér fána sem ekki mátti lengur blakta.

En kæru vinir! Sjálfstæðisprá heillar þjóðar varð ekki slökkt um allar aldir. Það vitum við saman, Íslendingar og Eistar. Og smám saman birti til. Fyrst fylgdumst við með „söngvabyltingu“ ykkar og síðan var okkur heiður að því að ljá ykkur lið, viðurkenna á ný sjálfstæði ykkar og leiða ráðamenn Eistlands og Íslands saman til fundar í Reykjavík. Sá áfangi ykkar í ágúst 1991, sá gleðidagur okkar beggja, tengir okkur ætíð traustum vinaböndum.

Síðustu áratugi höfum við fetað saman slóð á frelsisbraut, Eistar og Íslendingar, tvær smáþjóðir sem eru svo háðar því að friður ríki í veröldinni, lög haldin í heiðri og virðing borin fyrir réttindum allra í heimi hér. Megi svo verða og lengi lifi frjálst Eistland, öllum íbúum landsins til heilla!